

Ágúst 2020



Náttúruminjasafn Íslands

Höfuðstöðvar

Fýsileikakönnun á nýtingu
húsnæðis „Lækningaminjasafns“ við Safnatröð undir
starfsemi Náttúruminjasafns Íslands

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Útgefandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Ágúst 2020

mrn@mrn.is, mrn.is

©2020 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
1. Inngangur	5
2. Staðsetning og umhverfi	7
3. Rými	9
4. Skipulag	12
5. Almenningsamgöngur	13
6. Samið um yfirfærslu eignarhalds og skuldbindinga	14
7. Kostnaður við að ljúka byggingu Lækningaminjasafns.....	16
8. Sýningagerð Náttúruminjasafnsins	19
9. Stofn- og rekstrarkostnaður	20
10. Niðurstaða.....	22
11. Fylgiskjöl.....	24

Útdráttur

Greinargerð þessi er afrakstur vinnu starfshóps sem mennta- og menningarmálaráðherra setti á fót haustið 2019. Verkefni starfshópsins var að meta forsendur, þ.m.t. kostnaðarþætti, við staðsetningu höfuðstöðva Náttúruminjasafns Íslands á Seltjarnarnesi m.t.t. nýtingar á fyrirliggjandi húsnæði Lækningaminjasafns við Safnatröð, sem og á Nesstofu við Neströð.

Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna landsins, sett á laggirnar árið 2007. Safnið ræður ekki yfir eigin húsnæði, hvorki til sýningahalds né annarra starfa, og löngu brýnt að leysa húsnæðisvanda þess.

Nes á Seltjarnarnesi er kjörinn framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafn Íslands með hliðsjón af nánd við hafið, náttúru svæðisins og menningarsögulegu gildi staðarins.

Hús Lækningaminjasafnsins hentar að mörgu leyti vel fyrir starfsemi Náttúruminjasafnsins með lítilsháttar breytingum. Húsið er um 1360 m² að stærð, hálfbyggt og því auðvelt að laga það að þörfum safnsins til næstu ára. Til að svara þörfum safnsins til lengri tíma litið eru möguleikar fyrir hendi að stækka húsið síðar meir. Möguleg nýting á Nesstofu í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og samnýting á Ráðagerði og fræðasetrinu í Gróttu í eigu Seltjarnarnesbæjar léttir á framtíðarþörf nýbygginga fyrir Náttúruminjasafnið.

Aðlögun núverandi húsnæðis Lækningaminjasafnsins að þörfum Náttúruminjasafnsins tæki tiltölulega skamman tíma og yrði hagkvæmara en hönnun og bygging nýs húss. Gera má ráð fyrir að það taki um 26 mánuði að gera húsið tilbúið svo Náttúruminjasafnið geti flutt inn og hafið rekstur á sýningu og annarri starfsemi sinni.

Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu hússins miðað við núverandi teikningar er 650 m.kr. með -10% til +15% vikmörkum. Viðbótarkostnaður vegna aukningar á sýningarrými á aðalhæð og í kjallara er áætlaður allt að 100 m.kr.

Áætlaður kostnaður við fullgerða sýningu Náttúruminjasafnsins í allt að 500 m² sýningarrými er um 400 m.kr.

Starfshópurinn mælir með því að samið verði við Seltjarnarnesbæ um að ríkið eignist húsnæði Lækningaminjasafnsins og að húsnæðið verði fullbyggt í samræmi við þarfir Náttúruminjasafnsins.

Samhliða ákvörðun um yfirtöku ríkisins og framkvæmdir við húsnæði Lækningaminjasafnsins myndi Náttúruminjasafnið ganga til samninga við Þjóðminjasafnið um afnot af Nesstofu. Jafnframt yrði leitað samninga við Seltjarnarnesbæ um nýtingu Ráðagerðis og húsnæðis í Gróttu.

1. Inngangur

Náttúruminjasafn Íslands var sett á laggirnar árið 2007 og er eign íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins, auk Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.

Frá stofnun Náttúruminjasafnsins hefur staða þess lengst af verið bág miðað við hin höfuðsöfnin tvö. Náttúruminjasafnið býr ekki yfir eigin húsnæði, hvorki til sýningahalds né annarra starfa, og umfang starfseminnar var framan af með minnsta móti. Markverð breyting varð á högum Náttúruminjasafnsins seint á árinu 2018 þegar safnið opnaði sína fyrstu sjálfstæðu sýningu, *Vatnið í náttúru Íslands*, í Perlunni. Sýninguna rekur Náttúruminjasafnið í samstarfi við Perlu norðursins hf. samkvæmt afnotasamningi til 15 ára, en félagið leigir allt húsið af Reykjavíkurborg og sinnir þar einnig eigin sýningahaldi.

Í sáttmála núverandi ríkisstjórnar segir um málefni Náttúruminjasafns Íslands að:

Á kjörtímabilinu verður sérstaklega hugað að því að styrkja starfsemi höfuðsafnanna þriggja. Þar á meðal verður Náttúruminjasafn Íslands styrkt til að opna eigin sýningu og gert ráð fyrir framtíðarhönnun fyrir nýtt safn í fjármálaáætlun til fimm ára.

Í maí 2019 afhentu forstöðumenn höfuðsafnanna þriggja mennta- og menningarmálaráðherra minnisblað með tillögum um lausnir í því skyni að bæta úr húsnæðisvanda höfuðsafnanna og efla starfsemi þeirra, sér í lagi aðstöðu Náttúruminjasafnsins (fskj. nr. 1). Efni minnisblaðsins var kynnt á fundi forstöðumannanna þriggja með forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra 6. maí 2019.

Hvað varðar Náttúruminjasafn Íslands var lagt til að stjórnvöld kanni kosti þess og galla að eignast nýbyggingu áður áformaðs Lækningaminjasafns við Safnatröð á Seltjarnarnesi og afhendi það Náttúruminjasafninu. Jafnframt að Nesstofa, sem er við hliðina á Lækningaminjasafninu og tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, verði afhent Náttúruminjasafninu til afnota með samstarfssamningi við Þjóðminjasafn og húsnæðið tileinkað sýningahaldi um tengsl náttúru- og læknávisinda með áherslu á störf frumkvöðla á því sviði og danskt-íslenskt vísindasamstarf.

Hugmyndir um nýtingu húsnæðis Lækningaminjasafns undir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands eru ekki nýjar af nálinni. Eftir að Seltjarnarnesbær sagði sig frá samningi um að bæjarfélagið stofnaði og ræki Lækningaminjasafn Íslands árið 2012 bauð bærinn mennta- og menningarmálaráðuneyti að taka yfir húsið og nota það fyrir Náttúruminjasafn og Lækningaminjasafn sem rekið yrði á kostnað ríkisins. Möguleiki á nýtingu húsnæðisins alfarið fyrir starfsemi á vegum Náttúruminjasafns Íslands er fyrst kannaður nú í þessari greinargerð.

Í kjölfar tillögu forstöðumanna höfuðsafnanna setti mennta- og menningarmálaráðherra á fót fimm manna starfshóp sem hafði það verkefni að *...meta húsnæði á Seltjarnarnesi m.t.t. framtíðarhöfuðstöðva Náttúruminjasafnsins og kostnað sem fylgir kaupum og breytingum á húsnæði Lækningaminjasafnsins við Safnatröð og á Nesstofu.* (Fskj. nr. 2.).

Starfshópurinn var skipaður eftirtöldum:

Rúnar Leifsson, formaður starfshópsins, sérfræðingur og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis

Friðrik Friðriksson, fyrrverandi formaður stjórnar Lækningaminjasafns Íslands og fulltrúi Seltjarnarnesbæjar

Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu Háskóla Íslands, fulltrúi H.Í.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Starfshópurinn leggur þann skilning í hugtakið framtíðarhönnun fyrir nýtt safn (sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þingsályktun nr. 70/145 ásamt greinargerð) að um sé að ræða framtíðaraðsetur fyrir höfuðstöðvar og fullbúna starfsemi Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum. Aðstæður þar verði til jafns við það sem gildir um hin höfuðsöfnin tvö og sambærilegar því besta sem á við um söfn meðal nágrettaþjóða okkar.

2. Staðsetning og umhverfi

Nes á sér mjög langa og merkilega byggðasögu og náttúrufari staðarins má líkja við sýnisbók um íslenska náttúru. Upphaf skipulegra rannsókna á náttúru Íslands um og upp úr miðri 18. öld tengjast Nesi og þar slitu læknisfræðin og lyfjafræðin barnsskónum hér á landi á sama tíma.

Fýsileikar sýningahalds á vegum Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnesi eru mjög miklir og áhugaverðir með hliðsjón af náttúru og umhverfisaðstæðum á staðnum, sem býður upp á fræðslu jafnt úti sem inni. Hið sama á við um tengsl við fornar mannvistarleifar, en byggð hófst á Nesi á landnámsöld og á Seltjarnarnesi má víða finna merki um athafnir fólks á svæðinu í gegnum aldirnar og tengsl þess við náttúru staðarins.¹

Safnbyggingar, þ.e. Nesstofa og Lyfjafræðisafnið auk húsnæðis Lækningaminjasafnsins, eru staðsettar utarlega á Seltjarnarnesi, á mörkum byggðar og óbyggðs, lítt snortins svæðis sem að stórum hluta er friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga, þ.e. friðlöndin Gróttu² og Bakkatjörn og næsta nágrenni³. Þá eru Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes á Seltjarnarnesi einnig á Náttúruminjasafni (nr. 122), aðallega vegna fjölbreytileika búsvæða og lífríkis. Svæðið er að öðru leyti skilgreint í aðalskipulagi sem opið svæði og einu mannvirkin fyrir utan vitann og húsin í Gróttu er Nesvöllur, þ.e. golfvöllurinn og golfskálinn á Suðurnesi.

Megineinkenni náttúrunnar á svæðinu lýtur að sjávarlífríkinu og nálægð við hafið, með lítt og ósnortin strandgrunn og fjörubúsvæði með góðu aðgengi, sem óvíða er lengur að finna á höfuðborgarsvæðinu, hvað þá heldur innan borgarmarka þéttbýlla svæða utan Íslands.

Af Nesinu er víðsýnt og náttúrufegurð mikil – víðáttur Atlantshafs blasa við, hafaldan og brimrótið syngja í eyrum, vindar blása ferskir úr norðri, fagurskapaður Snæfellsjökull skagar í fjarska upp úr sjóndeildarhringnum og óvíða er sólarlagið jafnfagurt og á stilltu sumarköldi við Gróttu. Á heiðskírurum vetrarkvöldum dansa norðurljósín kátt í myrkrinu yst á Nesinu.

Akrafjall, Skarðsheiði, Esjan, Hengill, Bláfjöll og Reykjanesskaginn eru öll í sjónmáli, hvert með sínu sérstaka sniði og merku jarðsögu.

Fjaran iðar af lífi – þari, þang og söl, sjó- og fjörufuglar af öllu tagi, fuglar ferskvatnsins á Bakkatjörn, stað- og farfuglar sem sumir hverjr nota tjörnina til að millilenda og ná sér í orku á leið sinni milli Evrópu og varpstöðva í Norður-

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson 2006.

² Stj.t. B, nr. 13/1984.

³ Stj.t. B, nr. 129/2000.

Ameríku og Grænlandi. Aragrúi sjávarhryggleysingja, liðfætlur, lindýr, krabbadýr og skrápdýr, þrífast jafnt í grýttum fjörum sem á sendnum botni og mjúkum leirum. Í fjörupollum og fyrir utan á grunnsævinu hafast við fiskar, stórir sem smáir, sem og selir og hvalir.

Jökulruðningur, strand-, fjöru- og mómyndanir hylja mestan hluta Seltjarnarness en undir þeim liggja grágrýtishraun frá næstsíðasta hlýskeiði Ísaldar, runnin ofan af Mosfellsheiði. Í setlögum finnast skeljaleifar frá síðasta hlýskeiði Ísaldar og Ísaldarlokum. Fjörumórinn á Kotagrandi og í Bakkavík er til vitnis um landsig á nútíma. Sérstakt jarðhitasvæði er kennt við Seltjarnarnes og nýtir Seltjarnarnesbær jarðhitann.

Náttúra af því tagi sem hér um ræðir, í bakgarði á þéttbýlu höfuðborgarsvæði sem auðvelt og fljótlegt er að heimsækja, er einstök og eftirsóknarverð staðsetning að vinna með fyrir safn sem helgar sig náttúrunni og sjálfbærni. Afar fá söfn ef nokkurt, hvort sem er hér á landi eða erlendis, búa við slíkar aðstæður.

Ljóst er að nálægð Náttúruinjasafnsins við lítt spillta náttúru í Nesi opnar mjög áhugaverða möguleika til að vinna með náttúru staðarins utandyra og tengja við sýningar safnsins og rannsókn- og fræðslustarf.

3. Rými

Frumdrög með þarfalýsingu á framtíðaraðstöðu fyrir Náttúruminjasafn Íslands, starfsemi þess og mannafla voru afhent þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra í marsbyrjun 2017 (fskj. nr. 3). Húsnæðisþörf fyrir fullbúna starfsemi Náttúruminjasafnsins með hliðsjón af sýningahaldi og annarri starfsemi sem tekur til 12–18 ársverka var þá metin alls um 4000 m². Þar af eru sýningarsalir um 1400 m² að stærð, fyrirlestra- og kennslusalir um 200 m², geymslur 200 m², munamóttaka, forvarsla og rannsóknir um 500 m², skrifstofur 200 m², gangar, stigar og stoðrými um 1000 m². Þessar áætlanir miðuðust við hugmyndir um að reisa nýbyggingu undir starfsemi Náttúruminjasafnsins á svokölluðum G-reit í Vatnsmýri.

Við mat á hentugleika þess að höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins verði á Seltjarnarnesi ber að taka tillit til þess að forsendur þar eru að töluverðu leyti frábrugðnar því sem gengið var út frá í síðustu þarfagreiningu. Lækningaminjasafnshúsið er umtalsvert minna en áætluð nýbygging í Vatnsmýri, þ.e. tæpir 1400 m² á móti 4000 m².

Á hinn bóginn er horft hér til nándar við náttúruna á Nesinu, en slík tengsl geta létt á þörf fyrir sýningarrými innanhúss. Einnig er möguleiki fyrir Náttúruminjasafnið að nýta annan húsakost í næsta nágrenni, í samstarfi við Seltjarnarnesbæ sem á bæði hús í Gróttu og húsið Ráðagerði sem er skammt frá Safnatröð. Þá skiptir máli að unnt verður að stækka hús Lækningaminjasafnsins í framtíðinni.

Lækningaminjasafn

Hús Lækningaminjasafnsins er 1363 m² að stærð. Jarðhæðin er 937 m² en kjallari 426 m², ætlaður sem geymslur með u.þ.b. 4 m lofthæð. Sýningarsalur jarðhæðar er um 250 m² en að öðru leyti er jarðhæðin að mestu ætluð fyrir fyrirlestrasal, skrifstofur, kennslustofu o.fl. Húsið er aðeins hálfbyggt og telst fokhelt.

Öll rými jarðhæðar eru rúmgóð og opin svo ætla má að auðvelt verði að breyta deilingu þeirra og notkun eftir hentugleikum Náttúruminjasafnsins.

Geymslurými í kjallara er mjög rúmt og kemur til álita að breyta hluta þess í sýningarrými. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að huga að nokkrum þáttum, einkum er varðar aðkomuleið safngesta þannig að hún fullnægi kröfum um aðgengi fyrir alla og rýmingarleiðir, sem þurfa að vera í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar fyrir sýningarhúsnæði fyrir almenning.

Hafa þarf í huga að kröfur til tæknibúnaðar í geymslum Náttúruminjasafnsins eru sambærilegar þeim sem gerðar eru fyrir geymslur Þjóðminjasafns Íslands og Framkvæmdasýsla ríkisins skilgreindi fyrir fáum misserum síðan.

Nesstofa

Nesstofa við Neströð var reist á árunum 1760-1767. Húsið er friðlýstar þjóðminjar og tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðminjasafnið hefur unnið að viðamiklum endurbótum á húsinu í samræmi við varðveislusjónarmið og er húsið nú í fyrirmyndarástandi sem best varðveitta 18. aldar steinhús landsins. Ráðgjafi Þjóðminjasafns um viðgerðirnar var Þorsteinn Gunnarason arkitekt og vinnur safnið nú með honum að útgáfu bókar um endurbætur og forvörslu hússins. Þjóðminjasafnið fékk sérstakan styrk til endurbótanna frá Augústínussjóðnum í Danmörku vegna mikils menningar- og byggingarsögulegs gildi þess og dansk-íslenskrar menningarsögu. Notkun hússins sem og umgengni um það þarf að vera í samræmi við reglur Þjóðminjasafnsins um hið friðlýsta hús í vörslu þess.

Verði höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands fluttar í nýbygginguna við Safnatröð er Þjóðminjasafn Íslands reiðubúið að semja við Náttúruminjasafn Íslands um afnot af Nesstofu með sérstökum samstarfssamningi. Gert er ráð fyrir að í Nesstofu verði starfsemi sem hentar hinu friðlýsta húsi, m.a. sýningar um sögu hússins og starfsemi þess, náttúruvísindi, sögu lækninga og efni sem tengjast Ferðabók Eggerts og Bjarna.

Stefnt er að stofnun akademíu á fræðasviðum Ferðabókarinnar til að heiðra danskt-íslenskt vísindasamstarf í tilefni af 75 ára afmæli Lýðveldisins á vegum Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands – Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, danskra vísindamanna og -stofnana og Náttúruminjasafns Íslands, komi til flutnings þess út á Nes. Akademían mun sinna rannsóknum og miðlun rannsókna og hafa samastað í Nesstofu. Ráðgert er að þar geti danskir og íslenskir vísindamenn fundað og haldið málþing. Náttúruminjasafnið mun m.a. gegna mikilvægu hlutverki í sýningagerð.

Undirbúningur að fyrirhugaðri sýningu sem Háskólinn – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Þjóðminjasafnið munu standa að í samvinnu við Náttúruminjasafn Íslands og danska aðila, um Ferðabók Eggerts og Bjarna, hlaut styrk frá ríkisstjórninni í tilefni Lýðveldisafmælisins á árinu 2019.

Annar húsakostur á Nesi og í Gróttu

Skammt frá húsnæði Lækningaminjasafnsins eru önnur hús, í eigu Seltjarnarnesbæjar, sem bjóða upp á áhugaverða möguleika og æskilegt væri að nýta undir starfsemi á vegum Náttúruminjasafnsins með samstarfssamningi.

Ráðagerði er gömul hjáleiga Ness, tvílyft timburhús að grunnfleti um 75 m² og byggt á árunum 1880-1890. Engin starfsemi er í húsinu og hefur það verið auglýst til sölu. Húsið gæti hentað sem aðsetur fyrir gestafræðimenn á vegum Náttúruminjasafnsins og samstarfsaðila, þ. á m. fræðimenn dönsk-íslensku akademíunnar. Einnig kæmi til greina að hafa þar aðstöðu fyrir Hið íslenska náttúrufræðifélag, sem Náttúruminjasafnið á rætur að rekja til. Samkvæmt

upplýsingum frá Seltjarnarnesbæ er áætlað langtímaleiguverð hússins 350.000/mán.

Í Gróttu er að finna auk vitans, bátaskýli í einkaeign og tvö hús í eigu Seltjarnarnesbæjar, svokallað fræðasetur ætlað undir skólastarfsemi. Staðsetning þeirra býður upp á áhugaverða og æskilega möguleika fyrir Náttúruminjasafnið til að sinna fræðslu á öllum stigum grunn- og framhaldsskóla. Fjörugrandinn út í Gróttu hefur um áratugaskeið verið nýttur til kennslu og rannsókna í sjávarvistfræði í Háskóla Íslands. Í fræðasetrinu má jafnvel hugsa sér sýningu þar sem fjallað er um mannvist og búsetu fyrr á tímum í Nesi. Á fjöru er gengt út í Gróttu og hægt að dvelja í eygni í um 6 klst. Lokað er fyrir umferð á varptímanum frá 1. maí til 15. júlí. Samkvæmt upplýsingum frá Seltjarnarnesbæ er áætlað langtímaleiguverð húsnæðis í Gróttu 200.000/mán.

4. Skipulag

Samkvæmt aðalskipulagi Seltjarnarness 2015–2033 er ysti hluti nessins ætlaður til útivistar og er umtalsverður hluti þess á Náttúruminjasákrá, auk þess sem Gróttta og Bakkatjörn eru friðlýst sem friðlönd. Bæjarstæði Ness og næsta nágrenni þess er skilgreint sem svæði til blandaðrar landnotkunar (svæði fyrir þjónustustofnanir/opin svæði til sérstakra nota). Innan þessa svæðis er hús Lyfjafræðisafnsins og hús Lækningaminjasafnsins, sem stendur á lóð sem skilgreind var með deiliskipulagi árið 1996.

Árið 2008 var samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðar Lækningaminjasafnsins frá 1996. Lóðin var þá stækkuð og varð 4381 m² og byggingarreitur stækkaði úr 1100 í 1610 m². Heimilað var að gera kjallara undir húsinu, sem ekki hafði verið reiknað með áður og var heildarstærð byggingarinnar heimiluð 1600 m² í stað 1000 m² áður.

Hvorki er nauðsynlegt að gera breytingar á aðalskipulagi né deiliskipulagi ef ákvörðun er tekin um að Náttúruminjasafni Íslands verði valinn staður í núverandi húsnæði Lækningaminjasafnsins. Hins vegar mun núverandi deiliskipulag ekki heimila þá stækkun á húsi Lækningaminjasafnsins sem verður síðar að líkindum talin nauðsynleg til þess að starfsemi Náttúruminjasafnsins geti þróast á staðnum til lengri tíma.

Bæjarráð Seltjarnarness hefur með bréfi dags. 12. desember 2019 (fskj. 4) lýst yfir áhuga og velvilja gagnvart tillögum um að höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands verði á Nesi í byggingu Lækningaminjasafns. Bæjarráð telur jafnframt að möguleg tenging á starfsemi Náttúruminjasafnsins við aðrar byggingar og/eða starfsemi í nágrenninu sé mjög fýsilegur kostur sem samræmist hugmyndum bæjaryfirvalda um starfsemi á vestursvæðinu. Bæjarráð og skipulags- og umhverfisnefnd Seltjarnarness taka jákvætt í frumhugmyndir sem arkitektar hússins hafa unnið um mögulega stækkun hússins í framtíðinni og um breytingu á deiliskipulagi. Er þá gert ráð fyrir að stækkun safnahússins verði að mestu neðanjarðar og til vesturs til að halda ásynnd og yfirbragði vestursvæðisins.

5. Almenningsamgöngur

Nes er í um það bil 5 km fjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur (Hörpu) og góðir akvegir, hjóla- og göngustígar á milli. Tvær meginleiðir eru að Nesi – nyrðri leið (Eiðsvíkurleiðin) og syðri leið (Skerjafjarðarleið).

Eftir báðum leiðum er hægt að ferðast vistvænt með einföldum og greiðum hætti gangandi, á hjólum eða rafskutlum eftir þar til gerðum göngu- og hjólastígum. Leggja ber áherslu á þennan ferðamáta einkanlega gagnvart þeim gestum landsins sem staldra stutt við - erlendum ferðamönnum, en líka Íslendingum.

Næsta strætóstoppistöð er við mót Lindarbrautar og Hofgarða. Þar stoppar leið 11 sem gengur frá Mjódd og m.a. um Hlemm og Lækjartorg. Leið 11 fer á 15 mínútna fresti og tekur um 25 mínútur frá miðbæ Reykjavíkur (Harpa og Lækjargata). Frá stoppistöð er um 350 m gangur að húsnæði Lækningaminjasafns sé núverandi stígum fylgt. Ætla má að með aukinni starfsemi og vaxandi gestafjölda aukist almenningsamgöngur að svæðinu. Leið fyrir hópferðabíla að Nesi er skýr og greið og aðstaða fyrir þá á bílastæði verður góð.

Eiðsvíkurleið, greið leið og falleg meðfram sjávarsíðunni (hafið, fjaran og fjöllin): Mýravegur, Ánanaust - Eiðsgrandi – Norðurströnd – Sefgarðar – Safnatröð.

Tekur um 10 mínútur að aka, 20 mínútur að hjóla og 50 mínútur að ganga.

Skerjafjarðarleið, greið leið, sólríkari og skjólsamari (fjaran, rauðmaginn, forsetinn og Keilir): Suðurgata – Ægisgata – Nesvegur – Suðurströnd – Bakkagrundi – Bakkar – Safnatröð.

Tekur um 12 mín að aka, 25 mínútur að hjóla og 60 mínútur að ganga.

Gert er ráð fyrir að borgarlína liggja út á Seltjarnarnes með stoppistöð á Eiðistorgi.⁴

⁴ <https://www.borgarlinan.is/>

6. Samið um yfirfærslu eignarhalds og skuldbindinga

Hús Lækningaminjasafnsins hefur staðið hálfbyggt og að mestu leyti ónotað frá 2009. Viðhaldi þess hefur lítið verið sinnt og merki þess sjást víða.

Haustið 2007 undirrituðu menntamálaráðherra, bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi og fulltrúar Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands samning til fimm ára um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðis fyrir Lækningaminjasafn Íslands og menningartengda starfsemi. Kostnaður við byggingu safnhússins var áætlaður 345 m.kr.

Efnt var til samkeppni meðal arkitekta um byggingu fyrir Lækningaminjasafnið. Byggingin reis samkvæmt vinningstillögunni, en framkvæmdir stöðvuðust þegar húsið var fókelt.

Lækningaminjasafn Íslands tók til starfa í Nesstofu og Bygggöörðum 7 á Seltjarnarnesi árið 2009 en flutti aldrei inn í nýja húsnæðið. Um miðjan desember 2012 sagði Seltjarnarnesbær sig frá samningnum um Lækningaminjasafn Íslands þar sem ekki náðist samkomulag við mennta- og menningarmálaráðuneyti um endurskoðun hans og aukin framlög ríkissjóðs til uppbyggingar safnsins og reksturs þess. Jafnframt felldi bæjarstjórn úr gildi stofnskrá safnsins, lagði það niður og afhenti Þjóðminjasafni þá muni sem það hafði varðveitt og það húsnæði sem það hafði haft til afnota. Ástæða þessa var það mat bæjarstjórnar að forsendur samningsins væru brostnar, einkum vegna þess að kostnaður við byggingu safnhúss hefði farið langt fram úr áætlun. Jafnframt taldi bæjarfélagið að rekstrarkostnaður safnsins hefði verið vanáætlaður í upphafi og að hlutdeild sín í honum væri of mikil.

Árið 2013 hóf Ríkisendurskoðun stjórnsluúttekt á Lækningaminjasafni Íslands vegna þess að málefni þess voru komin ógöngur og í apríl 2014 lá fyrir Alþingi ítarleg skýrsla með heitinu Lækningaminjasafn Íslands.⁵ Þar er saga málsins rakin skilmerkilega og fjallað um þann vanda sem upp var kominn.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er fjallað um þá kosti sem mögulegir eru til að greiða úr málinu. Þar á meðal er greint frá tillögu bæjarstjórnar Seltjarnarness, sem á nokkurn samhljóm með þeim kosti sem starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur verið falið að skoða:

⁵ Lækningaminjasafn Íslands. Apríl 2014. Ríkisendurskoðun. <http://hdl.handle.net/10802/11022>

Fljótlega eftir að Lækningaminjasafn Íslands var lagt niður bauð bæjarstjórn Seltjarnarness mennta- og menningarmálaráðuneyti að taka á móti Náttúruminjasafni Íslands sem Lækningaminjasafn Íslands gæti orðið hluti af, enda fylgdi því nægilegt fjármagn til að ljúka byggingu safnhússins og koma því í viðunandi horf. Hugmynd bæjarstjórnar var sú að safnið, ef til kæmi, yrði þá rekið á kostnað og ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis en e.t.v. með styrk frá bænum.

Af minnisblaði mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 19. mars 2013 má ráða að þessi tilhögun hafi verið rædd en að ekki hafi verið talinn ákjósanlegur kostur að ríkissjóður leysti fyrirhugaða safnbyggingu til sín. Meðal annars voru taldar líkur á að gera þyrfti verulegar breytingar á þegar of dýru húsnæði auk þess sem það væri fulllitið til að hýsa bæði náttúruminja- og lækningaminjasafn. Slíkt hefði með öðrum orðum kallað á viðbyggingu með tilheyrandi kostnaði.⁶

Í lok árs 2012 þegar Seltjarnesbær sagði sig frá samningnum nam stofnkostnaður hálfbyggðs hússins 251,3 m. kr. Þar af hafði Ríkissjóður greitt 75 m.kr. og Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur höfðu lagt fram 50 m.kr.

Íslenska ríkið höfðaði mál gegn Seltjarnarbæ að áeggjan Ríkisendurskoðunar í lok árs 2018, um endurkröfu mennta- og menningarmálaráðuneytis á hendur bænum vegna stofnframlags til byggingar safnhússins. krafðist ríkið kr. 102.158.396 með dráttarvöxtum.

Dómur var kveðinn upp þann 29. nóvember 2019 og var Seltjarnesbær sýknaður af kröfunni. Íslenska ríkið hefur áfrýjað dóminum til Landsréttar.

Ef leitast verður eftir að nýta byggingu Lækningaminjasafnsins fyrir Náttúruminjasafn Íslands væri eðlilegast að leggja málið upp með þeim hætti sem Seltjarnesbær lagði til í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2014. Þ.e. að ríkið taki við húsinu, ljúki við byggingu þess og komi því í viðeigandi not. Þá er ekki miðað við eiginleg kaup á eigninni heldur að ríkið eignist húsið með samningi sem mun þá jafnframt leysa sveitarfélagið undan skuldbindingum. Allur kostnaður myndi í framhaldinu falla á nýjan eiganda. Hér gæti liðkað fyrir málum að Seltjarnesbær hefur lýst yfir áhuga og velvilja gagnvart hugmyndum um að höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins verði í byggingu Lækningaminjasafnsins.

Jafnframt þarf að huga að skuldbindingum gagnvart læknafélögunum. En efna þarf kvöð sem fylgir erfðafé Jóns Steffensen prófessors og sem nýta átti í þágu lækningaminjasafns. Ef til endurgreiðslu kæmi á framlagi Læknafélaganna gæti það numið 88 m.kr. uppreiknað á föstu verðlagi.

⁶ Lækningaminjasafn Íslands. Apríl 2014, bls. 24.

7. Kostnaður við að ljúka byggingu Lækningaminjasafns

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur lagt mat á kostnað við að ljúka við núverandi byggingu Lækningaminjasafns á Seltjarnarnesi þannig að hún komist í það horf að Náttúruminjasafn Íslands geti flutt inn með starfsemi sína og sinnt þar sýningahaldi (fskj. 5).

Staða framkvæmda

Hús Lækningaminjasafnsins er fokhelt. Það er uppsteipt og lokað og ytra útlit er langt komið eins og það var hannað en að innan hefur lítið verið gert. Húsið hefur látið á sjá vegna skorts á viðhaldi. Lóð hússins er ófrágengin, gróffyllt er að því en sæmilega aðgengilegt að inngangi. Einhverjir lekar eru á húsinu en að mestu leyti er það þétt.

Stærðir og byggingarefni

Húsið er alls 1.362,7 m² og 6.267,6 m³. Húsið er steinsteipt tveggja hæða hús með flötu þaki klæddu torfi og hellum. Hluti veggja utanhúss eru sjónsteypuveggir en aðrir veggir einangraðir að utan og klæddir timburklæðningu. Neðri hæð hússins er öll neðanjarðar og telst kjallari. Efri hæðin er á jarðhæð. Kjallarinn er undir hluta jarðhæðar. Góð lofthæð er í húsinu og er salarhæð kjallara (plata á plötu) 4,5 m en salarhæð efri hæðar er frá 3,3 til 5,6 m.

Burðarvirki hússins er steipt og eru steiptir burðarveggir innandyra sem halda gólf- og loftplötum. Þeir eru tiltölulega fáir og staðsettir þannig að rými hússins geta verið tiltölulega stór því plötur eru að mestu forsteyptar holplötur með ásteypulagi sem spanna yfir löng höf. Þeir milliveggir sem verða settir geta því verið léttbyggðir veggir.

Hentugleiki fyrir starfsemi Náttúruminjasafnsins

Húsnæði Lækningaminjasafnsins er hannað undir safnastarfsemi og hentar því vel til starfsemi Náttúruminjasafnsins. Hátt er til lofts og rými má skipuleggja á sveigjanlegan hátt. Talið er að auðveldlega megi laga húsnæðið að sérþörfum Náttúruminjasafnsins og taka með því móti þýðingarmikið skref í átt að fullbúinni aðstöðu fyrir höfuðsafnið. Þá spillir ekki fyrir víðsýnið og náttúran við húsið.

Núverandi bygging Lækningaminjasafnsins er of lítil til að svara þörfum fullbúinnar starfsemi Náttúruminjasafnsins líkt og hún var skilgreind árið 2017 (fskj. nr. 3). Þó má laga núverandi húsnæði að sérþörfum Náttúruminjasafnsins og auka við sýningarrými með því að breyta notkun á hluta kjallara. Í því skyni

þyrfti að ráðast í breytingar á neyðarútgangi þar, en samkvæmt núgildandi teikningum hússins er einungis gert ráð fyrir geymslum og umsýslu muna í kjallaranum og fremur lítilli virkni og umferð starfsmanna.

Ekki eru uppi áætlanir um stækkun hússins að svo stöddu. Sá möguleiki er þó fyrir hendi til framtíðar litið, til að mæta þörfum Náttúruminjasafnsins til lengri tíma, einkum m.t.t. sýningahalds og aðstöðu til rannsókna og verkstæðisvinnu (fskj. nr. 4 og 6.).

Áætlaður kostnaður

Framkvæmdasýsla ríkisins áætlað að kostnaður við að ljúka byggingu hússins skv. núverandi teikningum sé 650 m.kr. með vikiðum -10% til +15% á núgildandi verðlagi. Kostnaður þessi er áætlaður um 56% heildarkostnaðar hússins án lauss búnaðar. Vikmörk fara minnkandi eftir því sem hönnun vindur fram og óvissa um efnistöð og tækni minnkar.

Framkvæmdasýslan áætlað jafnframt að viðbótarkostnaður vegna breytinga á kjallara geti verið um 100 m.kr. Þar eru gefnar þær forsendur að viðbótarkostnaðurinn felist í:

- Yfirbyggðu skýli fyrir móttöku muna
- Stækkun neyðarútgangs í kjallara
- Breytingum vegna vörulyftu
- Nýrri fólkslyftu
- Breytingu á steiptum veggjum í kjallara og á jarðhæð
- Færslu votrýma í kjallara
- Sýningarkerfi og aukinni loftræstingu í kjallara

Hönnun hússins er frá árinu 2007 og þyrfti að endurskoða m.t.t. þarfa Náttúruminjasafnsins. Við það tækifæri yrðu rýndir þeir verkþættir sem á eftir að framkvæmda og teikningar af innra skipulagi endurskoðaðar frá grunni.

Að ósk Náttúruminjasafnsins hafa arkitektar hússins þegar gert frumtillögu að breytingum á innra skipulagi núverandi byggingar og að mögulegri framtíðarstækkun hússins. Meginbreytingar á innra rými núverandi byggingar felast í auknu sýningarrými á aðalhæðinni og í hluta af kjallaranum.

Breytingarnar á kjallaranum eru óverulegar, minni en áætlun

Framkvæmdasýslunnar gerir ráð fyrir, og snúast einkum um stækkun og endurhönnun á rýmingarleið, loftræstikerfi og votrými undir sýningar.

Samkvæmt þessum hugmyndum yrði núverandi lyfta nýtt bæði til fólks- og vörulutninga. Verði þessar tillögur unnar áfram kann viðbótarkostnaður vegna aukningar sýningarrýmis verði minni en ráðgert er í mati Framkvæmdasýslu ríkisins (fskj. nr. 6.).

Ekki hefur verið lagt mat á kostnað vegna mögulegrar stækkunar hússins í framtíðinni.

Tími

Áætlaður tími til að ljúka við húsið er alls 26 mánuðir sem skiptist í 6–8 mánuði í undirbúning, breytingar á hönnun og útboð, 14–16 mánuði í framkvæmdir á verkstað. Auk þess má gera ráð fyrir 2 mánuðum í viðtökuprófanir og lokafrágang þannig að húsið geti talist tilbúið til notkunar. Tekið er mið af því að farið verði í endurskoðun á hönnun hússins með tilliti til sparnaðar og breytinga sem taldar eru nauðsynlegar til að húsið geti þjónað nýju hlutverki sínu.

Samantekt

Húsnæði Lækningaminjasafnsins hentar að mörgu leyti vel fyrir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands með minniháttar aðlögun byggingarinnar. Þá er staðsetning húsnæðisins á Nesinu í nánnum tengslum við náttúruna afar jákvæður kostur fyrir starfsemi Náttúruminjasafnsins. Stækkunarmöguleikar eru fyrir hendi, sem og afnot af Nesstofu og mögulegri samnýtingu á öðrum húsakosti á Nesinu. Að þessu samanlögðu ætti framtíðarþörfum fyrir fullbúið höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum að vera fullnægt.

Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu hússins miðað við núverandi teikningar er 650 m.kr. með -10% til +15% vikiörkum.

Viðbótarkostnaður vegna breytinga m.t.t. sýningarrýmis á aðalhæð og í kjallara mun ráðast af þeim lausnum sem verða fyrir valinu. Efri mörk eru áætluð um 100 m.kr. en sá kostnaður kann að lækka með nánari rýni líkt og frumtillögur arkitekta gefa tilefni til að ætla.

Gera má ráð fyrir að það taki allt að 26 mánuði að gera húsið tilbúið til notkunar.

8. Sýningagerð Náttúruminjasafnsins

Hugmyndir um efnistöð sýningahalds á vegum Náttúruminjasafnsins í Nesi munu móttast og þróast á næstu mánuðum í kjölfar ákvörðunar um framtíðaraðsetur safnsins.

Vegna nálægðar við hafið og tengsla byggðasögu á Nesinu við sjósókn má fastlega gera ráð fyrir að eitt helsta þema sýningahaldsins verði hafið og ströndin með áherslu á sjávarlífriki í fjöru og strandgrunni. Hér ber m.a. að hafa í huga að ágætir möguleikar eru fyrir hendi í kjallara nýbyggingarinnar að halda lifandi verur í sjó- og ferskvatnsbúrum.

Annað þema gæti byggt á tengslum náttúrufræðirannsókna við læknis- og lyfjafræði, með áherslu á starf frumkvöðla á því sviði, þ. á m. rannsóknavinnu Eggerts og Bjarna og danskt-íslenskt vísindasamstarf.

Hátt þjónustustig gagnvart skólakerfinu með öflugri vísindamiðlun er lykilþáttur í starfsemi Náttúruminjasafnsins og rík áhersla verður lögð á störf safnkennara í því augnamiði að efla náttúrulæsi, skilning á náttúrunni og virðingu gagnvart umhverfinu, einkum meðal barna og unglunga.

Sýningargerð og -tækni hefur fleygt fram á undanförunum árum, aðallega á sviði margmiðlunar og grafískrar hönnunar, og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Náttúruminjasafnið hefur unnið með leiðandi fyrirtækjum í Evrópu á þessu sviði, þ.e. Gagarín og Art+Com, og hlotið ein helstu hönnunarverðlaun í Evrópu á þeim vettvangi vegna sýningaratriða í Perlunni (Red Dot, Best of the Best 2019) ásamt tilnefningu til Íslensku safnaverðlaunanna 2020.

Sýningar safnsins verða að töluverðu leyti gagnvirkar, sem hvetur gesti til beinnar þátttöku. Skólahópum verður boðið upp á sérsniðin verkefni sem unnin eru á staðnum og efnt verður reglulega til smærri, tímabundinna sýninga þar sem fjallað er um aðkallandi efni, nýjustu uppgötvanir í náttúrufræðum og fleira í þeim dúr.

Í sýningahaldinu verður sérstök áhersla lögð á miðlun vísindalegrar þekkingar til barna og unglunga um lögmál náttúrunnar, líkt og þekkist á vísindasöfnum erlendis. Boðið verður m.a. upp á sýningaratriði þar sem eðlisfræðilögmálum vatns, lofts og hljóðs er gerð skil með verklegri þátttöku gesta, sér í lagi skólahópa. Í þessu sambandi er stefnt að áframhaldandi samstarfi Náttúruminjasafnsins við Vísindasmiðja Háskóla Íslands og Stjörnu-Sævar, sem Náttúruminjasafnið hefur unnið með á sýningu sinni *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni.

9. Stofn- og rekstrarkostnaður við sýningahald

Stofnkostnaður

Stofnkostnaður við hönnun, gerð, framkvæmdir, tækjakaup og uppsetningu sýningar ræðst að töluverðu leyti af efnistöfum sýningarinnar, sem ekki hafa verið ákveðin endanlega á þessu stigi (sjá hér að framan). Þá ræðst stofnkostnaður að miklu leyti af umfangi sýningarýmis. Búast má við að í byggingu Lækningaminjasafnsins verði fyrst um sinn notaðir 500 m² undir sýningar.

Reynslutölur frá sýningu Náttúruminjasafnsins úr Perlunni benda til þess að kostnaður við vandaða sýningu með gagnvirkum, tölvustýrðum búnaði verði um 800.000 kr/m². Fullgerð sýning í 500 m² rými myndi því kosta um 400 m.kr.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður markast einkum af starfsmannahaldi. Áætlanir um mannafla í starfsemi Náttúruminjasafns Íslands miðað við núverandi húsnæði Lækningaminjasafnsins taka til allt að 18 ársverka/stöðugilda (fskj. nr. 3), en hluti stöðugildanna mun einnig nýtast í starfsemi safnsins annars staðar, einkum í Perlunni. Samsetning starfsliðsins mótast af tveimur meginstarfssviðum höfuðsafnsins sem eru miðlunarsvið (fræðsla og kennsla, sýningahönnun, útgáfa og önnur miðlun) og rannsókn- og gagnasvið (rannsóknir, skráning, forvarsla og varðveisla).

Áætlaður kostnaður við hvert ársverk er um 12 m.kr. og annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. hiti, rafmagn, lýsing, tölvu- og tækniþjónusta, öryggisgæsla, þrif og markaðs- og kynningarmál, er áætlaður að verði um 30% af launakostnaði. Þá bætist árlegur viðhaldskostnaður við sýningahaldið, þ.e. bæði vegna viðhalds á sýningamunum og -búnaði og kostnaðar við gerð tímabundinna sýninga, sem er áætlaður um 12 m.kr. í ljósi reynslunnar úr Perlunni. Áætlaður rekstrarkostnaður alls á ári í nýbyggingu Lækningaminjasafnsins er því um 300 m.kr.

Aðsókn og tekjur

Sértekjur safnsins ráðast aðallega af aðgangseyri sem er fastur þáttur. Í minna mæli hefur safnið tekjur af öðrum og meira tilfallandi þáttum, sem eru einkum rannsókn- og verkefnastykir, útseld sérfræðivinna og gjaldtaka vegna útlána á munum.

Óhjákvæmilega fylgir nokkur óvissa mati á hugsanlegri aðsókn og tekjum af aðgangseyri á sýningar Náttúruminjasafnsins á Nesinu (1. tafla). Beinast liggur við að horfa til reynslu af sambærilegri sýningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni, *Vatnið í náttúru Íslands*, sem opnuð var 1. desember 2018.

Aðgangseyrir	Fjöldi gesta á ári				
	50.000	100.000	150.000	200.000	300.000
500 kr.	25.000.000	50.000.000	75.000.000	100.000.000	150.000.000
800 kr.	40.000.000	80.000.000	120.000.000	160.000.000	240.000.000
1.000 kr.	50.000.000	100.000.000	150.000.000	200.000.000	300.000.000
1.500 kr.	75.000.000	150.000.000	225.000.000	300.000.000	450.000.000
2.000 kr.	100.000.000	200.000.000	300.000.000	400.000.000	600.000.000
3.000 kr.	150.000.000	300.000.000	450.000.000	600.000.000	900.000.000

1. tafla. Dæmi um hugsanlega aðsókn og tekjur af aðgangseyri á sýningar Náttúruminjasafns Íslands á Nesinu. Blálitaða svæðið er talið endurspegla raunhæfasta matið. Byggt á gögnum um aðgangseyri og gestafjölda í safnastarfi á Íslandi.

Fjöldi gesta á sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni árið 2019, fyrsta heila árið sem sýningin var starfrækt, var 188.121 manns (lágmarkstala skv. talningu og miðasölu). Langstærstur hluti gesta, um 80%, voru erlendir ferðamenn. Íslendingar, einkum ungar barnafjölskyldur og grunnskólanemar, telja hartnær 40 þúsund manns og þar af var fjöldi skólabarna sem nýtti þjónustu safnkennaranna í skipulögðum heimsóknnum um 1500 talsins.

Sýning safnsins í Perlunni hefur þá sérstöðu að vera vel í sveit sett. Hún er til húsa í þekktu kennileiti, er nærri miðborginni og nýtur góðs af samstarfi við Perlu norðursins hf. og fleiri aðila í húsinu, þar sem boðið er upp á náttúrusýningar, minjasölu og veitingar. Sýningin þykir falleg og fræðandi. Hún var tilnefnd til Íslensku safnaverðlaunanna 2020 og hefur ennfremur hlotið mikilmetin, alþjóðleg hönnunarverðlaun. Þessi atriði stuðla öll að góðri aðsókn á sýninguna í Perlunni. Góða aðsókn ber einnig að þakka vandaðri og faglegri þjónustu safnkennara Náttúruminjasafnsins gagnvart skólakerfinu.

Ætla má að aðsókn að starfsemi Náttúruminjasafnsins í Nesi verði þegar fram í sækir á svipuðum nótum og á sýningu safnsins í Perlunni, þ.e. 150–250 þúsund gestir árlega. Hér er m.a. horft til þeirrar sérstöðu sem svæðið á Nesinu hefur fram yfir Perluna í Öskjuhlíð, sem er náttúran og hin mikla nánd við hafið – atriði sem skipta sérstaklega miklu máli í tengslum við heimsóknir erlendra ferðamanna. Að þessu gefnu sem og að verð aðgöngumiða verði stillt í hóf og haft kr. 2000, eins og nú háttar hjá hinum höfuðsöfnunum tveimur, þá má ætla að tekjur Náttúruminjasafnsins af aðgangseyri vegna sýningahalds á Nesinu geti verði á bilinu 150–400 m.kr. (sbr. 1. töflu).

Aðrar sértekjur Náttúruminjasafnsins en vegna aðgangseyris, þ.m.t. innbyrðis framlög vegna samninga milli stofnana, eru áætlaðar á bilinu 40–100 m.kr., eða sem svarar til 15–20% af heildartekjum.

10. Niðurstaða

Nes á Seltjarnarnesi er kjörinn framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafn Íslands með hliðsjón af nánd við hafið, fjölbreyttri náttúru staðarins og menningarsögulegu gildi hans.

Hús Lækningaminjasafns Íslands hentar að mörgu leyti vel fyrir starfsemi Náttúruminjasafnsins með lítilsháttar breytingum. Húsið er hálfbyggt og því auðvelt að laga það að þörfum safnsins.

Aðlögun hússins að þörfum Náttúruminjasafnsins tæki tiltölulega skamman tíma og yrði þjóðhagslega mun hagkvæmari en hönnun og bygging nýs húss.

Starfshópurinn mælir með því að samið verði við Seltjarnarnesbæ um að ríkið eignist húsnæði Lækningaminjasafnsins og að það verði fullbyggt í samræmi við þarfir Náttúruminjasafnsins. Mikilvægt er að í þessu tilliti sé jafnframt hugað að skuldbindingum gagnvart læknafélögunum. Gæta þarf að því að kvöð sem fylgir erfðafé Jóns Steffensen prófessors sé uppfyllt.

	Lækningaminjasafn	Nesstofa og grasagarður	Gróttu	Ráðagerði
Stofnkostnaður við byggingu	650	0	0	0
Kostnaður v. aukins sýningarýmis	100			
Stofnkostnaður við sýningu	400	15-25	0	0
Árlegur rekstrarkostnaður	300	6	2	5

2. tafla. Gróflega áætlaður stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður vegna starfsemi Náttúruminjasafns Íslands í húsnæði á Seltjarnarnesi. Tölur eru í milljónum króna. Vikmörk vegna stofnkostnaðar við bygginguna eru -10% og +15%. Kostnaðartölur við Gróttu og Ráðagerði byggja á áætlaðu langtímaleiguverði, kr. 350.000/mán. fyrir Ráðagerði og kr. 200.000 fyrir Gróttu. Kostnaðartölur vegna stofnkostnaðar sýningar í Nesstofu veltur á eðli og gerð sýningar sem og þátttöku samstarfsaðila, en mögulegur hlutur Náttúruminjasafns í kostnaði er óviss að svo stöddu. Kostnaðartölur vegna rekstrar Nesstofu eru settar fram í samráði við þjóðminjasafn Íslands.

Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu hússins miðað við núverandi teikningar er 650 m.kr. með -10% til +15% vikmörkum.

Viðbótarkostnaður vegna aukningar á sýningarými á aðalhæð og í kjallara er áætlaður allt að 100 m.kr. Sú kostnaðaráætlun kann að lækka ef frumtillögur sem Náttúruminjasafnið fékk arkitekta hússins til að vinna verða þróaðar áfram.

Áætlaður kostnaður við fullgerða sýning Náttúruminjasafnsins í 500 m² sýningarrými er um 400 m.kr., eða um 0,8 m.kr./m².

Gera má ráð fyrir að það taki allt að 26 mánuði að gera húsið tilbúið svo Náttúruminjasafnið geti flutt inn og hafið rekstur á sýningu og annarri starfsemi sinni.

Möguleikar eru fyrir hendi að stækka húsið síðar meir svo það fullnægi þörfum Náttúruminjasafnsins til lengri framtíðar.

Samhliða ákvörðun um yfirtöku ríkisins og framkvæmdir við húsnæði Lækningaminjasafnsins myndi Náttúruminjasafnið ganga til samninga við Þjóðminjasafnið um afnot af Nesstofu. Jafnframt yrði leitað samninga við Seltjarnarnesbæ um nýtingu Ráðagerðis og húsnæðis í Gróttu.

Reykjavík, 6. ágúst 2020

11. Fylgiskjöl

Fskj. nr. 1. Minnisblað safnstjóra höfuðsafnanna þriggja, afhent mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 1. maí 2019.

Fskj. nr. 2. Skipunarbréf mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 18. september 2019.

Fskj. nr. 3. NÁTTÚRUHÚS. Náttúruminjasafn Íslands – höfuðsafn í náttúrufræðum. Lýsing á þörfum Náttúruminjasafns Íslands fyrir húsnæði, starfsemi og mannafla með hliðsjón af þingsályktun nr. 70/145. Drög nr. 1, dags. 8. mars 2017. 7 bls.

Fskj. nr. 4. Bréf bæjarráðs Seltjarnarness, dags. 12. desember 2019.

Fskj. nr. 5. Fsr. minnisblað. Lækningaminjasafn Seltjarnarnesi – athugun fyrir Náttúruminjasafn Íslands, dags. 13. desember 2019.

Fskj. nr. 6. Yrki Arkitektar – V001 Safn//Náttúruhús, dags. 8. nóvember 2019.

